

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 29. nóvember 2022 vegna auglýsingar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 32 við Brautarholt

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 32 við Brautarholt, birtist í Fréttablaðinu n.k. miðvikudag, 30. nóvember 2022. Tillagan er í kynningu frá 30. nóvember 2022 til og með 13. janúar 2023. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/brautarholt-32>

Brautarholt 32

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 2. nóvember 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 10. nóvember 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skipholtsreits vegna lóðarinnar nr. 32 við Brautarholt. Í breytingunni sem lögð er til felst breyting á lóðamörkum, hækkun á veggghæð að Brautarholti, hækkun á nýtingarhlutfall vegna minni lóðar og B-rýma ásamt því að gert er ráð fyrir bílakjallara og að skilmálar um bílastæði verði endurskoðaðir. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 **frá 30. nóvember 2022 til og með 13. janúar 2023**. Einnig má sjá tillöguna á

vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 13. janúar 2023**. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti. mkv.

Þuríður Guðmundsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 +354 411 1111 / 411 1111

thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík
www.reykjavik.is